

40. ársþing Blaksambands Íslands 2012

Haldið í Reykjavík 12. maí

Þinggerð

Formaður BLÍ, Jason Ívarsson, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Í setningarræðu hans kom m.a. fram að stuðningur ríkisvaldsins við íþróttahreyfinguna í landinu er skammarlega lítill, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess hversu miklum tekjum hreyfingin skilar til ríkisins.

Þrátt fyrir erfitt fjármálaumhverfi þá hefur Blaksambandinu tekist að ná samningum við nokkra styrktaraðila, sem eru helstir: Mikasaumboðið, Munir og Merking, Asics umboðið, Sportís, Icelandair Group og Flugfélag Íslands. Með hjálp þessara aðila og annarra hefur sambandinu tekist að grynna nokkuð á skuldum.

Þó fjármálin séu fyrirferðamikil í rekstri sambandsins þá má ekki gleyma þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem vinna ómetananlegt starf fyrir hreyfinguna.

BLÍ verður 40 ára í ár. Ákveðið hefur verið að halda upp á tímamótin á afmælisdaginn 11. nóvember næstkomandi.

Með fjölgun iðkenda blaks fjölgar íþróttalegum viðburðum að sama skapi. Það veldur stundum árekstrum þar sem sama fólk er í mörgum hlutverkum á sama tíma.

Samskiptin við félögin í landinu eru yfirleitt góð. Mikilvægt er að forsvarsmenn félaganna þekki lög og reglugerðir hreyfingarinnar og fari eftir þeim til þess að koma í veg fyrir óþarfa núning.

Blaksambandið verður ekki sterkara en félögin sem að því standa og framtíð íþróttarinnar er því í höndum þeirra. BLÍ mun nú sem fyrr skapa félögunum sem besta umgjörð til þess að vinna eftir.

Á ársþinginu, sem er æðsta vald í málefnum blaksins á landinu, verða lagðar línur fyrir næsta starfsár.

Að lokum óskaði Jason þingfulltrúum velfarnaðar á störfum þeirra á þinginu og sagði 40. ársþing BLÍ sett.

Næst sæmir formaður BLÍ Jón Ólaf Valdimarsson gullmerki BLÍ og Svölu Vignisdóttur silfurmerki BLÍ.

1. Þingsetning, kosning þingforseta og þingritara

Formaður BLÍ ber upp tillögu þess efnis að Björn Guðbjörnsson verði þingforseti og Sævar Már Guðmundsson verði þingritari. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Björn Guðbjörnsson tekur við stjórn þingsins. Til þess hefur verið boðað löglega og því er það löglegt og hægt að hefja þingstörf.hefur þingið:

2. Kosning í starfsnefndir þingsins;

Þingforseti gerir tillögu um að hafa allsherjar- og leikreglnanefnd, laganefnd, fjárhagsnefnd, kjörbréfanefnd.

- a. *Kjörbréfanefnd*, Svala Vignisdóttir stýrir henni og með henni starfa Agla Björnsdóttir og Vilborg Guðmundsdóttir.
- b. Fjárhagsnefnd, Aðalsteinn Einar Eymundsson stýrir nefndinni.
- c. Laganefnd, Jason Ívarsson stýrir nefndinni.
- d. Leikreglna- og allsherjarnefnd, Stefán Jóhannesson stýrir nefndinni.
- e. Uppstillingarnefnd, Jón Ólafur Valdimarsson stýrir nefndinni.
Þingforseti biður þingfulltrúa að skrá sig í nefndir á þar til gerðum blöðum sem eru í salnum.

3. Skýrsla síðasta starfsárs

Formaður BLÍ flutti eftirfarandi skýrslu stjórnar.

Sú stjórn sem kosin var á síðasta ársþingi hélt 6 bókaða stjórnarfundum á starfsárinu. Að venju voru mörg erindi afgreidd með símtölum og tölvubréfum. Formaður og framkvæmdastjóri voru nær daglega í sambandi út af hinum ýmsu málum.

Mótahald gekk vel á síðasta keppnistímabili og umfang þess hefur aldrei verið meira. Alls voru leiknir 535 leikir í deildar-, bikar – og úrslitakeppnum. Ekki hefur ennþá tekist að ná 7 liðum í efstu deild karla en það hefur tekist í öllum deildum í kvennakeppnin og eru deildirnar þar nú orðnar 4 og undirbúningur er hafinn að því að stofna fimmtu deildina.

Mótahald yngri flokka gekk einnig vel að venju. Mótin eru orðin svo stór að umræða er í gangi að skipta þeim upp. Afreks- og hæfileikabúðir eru haldnar fyrir efnilega leikmenn yngri flokkanna. Í vetur stóðu félög á höfuðborgarsvæðinu fyrir aukaæfingum fyrir unga og efnilega leikmenn. Sú tilraun lofaði góðu og vonandi verður áframhald á því. Framkvæmdaaðilum og skipuleggjendum yngriflokkamótanna eru færðar bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Útbreiðsla og fjármál henni tengd eru sífellt í umræðunni. Þó að reglugerð um styrktarsjóð yngri flokka hafi ekki verið fullgerð þá hefur tilfallandi kostnaður við starfsemi yngri flokka, yngri landsliða og hæfileikabúða verið greiddur.

Fyrirkomulag bikarkeppninnar er komið í fastar skorður. Umgjörð og framkvæmd keppninnar er sífellt að batna. Úrslitahelgin er orðin eftirtektarverður viðburður þar sem 4 af bestu blakliðum landsins af báðum kynjum leika til úrslita í frábærri umgjörð í Laugardalshöllinni. Úrslitaleikirnir voru sýndir í beinni útsendingu í Sjónvarpinu.

Nýafstaðið öldungamót var haldið á Tröllaskaga að þessu sinni í umsjón blakfélaga á Siglufirði, Ólafsfirði og Dalvík. Fjölgun eldri iðkenda virðist eiga sér fá takmörk en alls tóku 142 lið þátt í mótinu að þessu sinni. Aðstaða til keppni var öll hin besta og vonandi verður mótið til þess að hleypa nýju lífi í blakstarfsemina á þessum stöðum og þess ekki langt að bíða að félögin á þessu svæði sendi lið yngri þátttakenda til keppni á vegum BLÍ.

Strandblakið er í mikilli sókn. Völlum fjölgar vítt og breitt um landið og fjöldi liða á Íslandsmótinu hefur aldrei verið meiri. Landslið karla og kvenna kepptu á Smáþjóðaleikunum í Liechtenstein og í fyrsta skipti var lið unglinga sent til keppni á erlenda grundu. Árangur strandblakliðanna var vel viðunandi ef miðað er við það hversu íþróttin er ung hér á landi og þá aðstöðu sem okkar lið búa við í samanburði við lið sunnar í álfunni. Aðstaða fyrir strandblak innanhúss virðist vera innan seilingar og er það vel. Með henni verður þess ekki langt að bíða að leikmenn velji á milli þess að stunda eingöngu inniblak eða strandblak.

Heiðbjört Gylfadóttir og Karl Sigurðsson hafa nú aflað sér réttinda sem alþjóðlegir þjálfarar í strandblaki.

U – 17 ára landsliðin kepptu í NEVZA mótinu sem fram fór í Falköping í Svíþjóð. Ekki náðu okkar lið á verðlaunapall að þessu sinni.

U – 19 ára landsliðin kepptu í sömu keppni sem að þessu sinni fór fram í Færeyjum. Stúlknaliðið vann til bronsverðlauna eftir frækinn sigur á norska liðinu.

Mót sem þessi eru nauðsynleg í þroska og framförum yngri leikmannanna og reynslan af þátttökunni mun nýtast þeim í framtíðinni.

Helstu verkefni A landsliðs kvenna var þátttaka í Novotel Cup í Luxemborg þar sem það vann til bronsverðlauna. Einnig keppti liðið á Smáþjóðaleikunum í Liechtenstein. Þar náði liðið ekki að vinna til verðlauna.

A landslið karla tók þátt í lokamóti EM í Andorra svo og á Smáþjóðaleikunum í Liechtenstein. Ekki vann liðið til verðlauna að þessu sinni á þessum mótum.

Framundan er undankeppni EM þar sem konurnar fara til Luxemborgar og karlarnir til Möltu.

Dómaranámskeið var haldið á Akureyri í vetur þar sem 8 dómara voru útskrifaðir. Vonast er til þess að þeir skili sér allir í dómgæslu í hreyfingunni. Með fjölgun leikja þarf sífellt fleiri dómara til starfa. Í vetur gekk nokkuð vel að fá dómara til starfa. Greiðslur fyrir dómgæslu voru hækkaðar fyrir keppnistímabilið. Þær eru ennþá mjög lágar svo ekki verður hjá því komist að hækka þær fyrir næsta tímabil ef takast á að manna alla leiki.

Alþjóðadómarnir Leifur Harðarson og Jón Ólafur Valdimarsson fengu allmörg verkefni á árinu. Þau eru tengd keppnum landsliðanna auk verkefna í Evrópudeildinni. Sævar Már Guðmundsson sótti alþjóðlegt dómaranámskeið í Rúmeníu og er þar með orðinn kandídat sem alþjóðlegur dómari.

Árs- og uppskeruhátíð sambandsins var haldin í Hlégarði í Mosfellsbæ í mars og tókst með ágætum. Þar voru að venju veitt verðlaun til þeirra leikmanna sem á einn eða annan hátt sköruðu fram úr á síðasta keppnistímabili. Heiðursgestur hátíðarinnar var Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK.

Blakmaður ársins var valinn Hafsteinn Valdimarsson leikmaður með danska liðinu Marienlyst. Hafsteinn hefur undanfarin 3 ár leikið með dönskum liðum. Núverandi lið hans er danskur bikarmeistari. Hafsteinn var að auki burðarás íslenska landsliðsins í keppnum þess á árinu.

Blakkona ársins var valin Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir leikmaður með þýska liðinu Rote Raben. Á síðasta ári lék hún í Noregi þar sem hún varð bæði lands- og bikarmeistari. Hún var valin besti leikmaður bikarúrslitaleiksins auk þess að vera aðalburðarásinn í íslenska landsliðinu.

Formaður BLÍ sótti þing Evrópusambandsins í september síðastliðnum. Þar voru einnig haldnir aðalfundir NEVZA og SCD (Smáþjóðasambandsins). Ísland átti einnig fulltrúa á tveimur tæknifundum NEVZA.

Fyrir milligöngu Guðmundar Helga Þorsteinssonar fyrrverandi varaformanns BLÍ og núverandi framkvæmdastjóra tæknisviðs Alþjóða blaksambandsins tókust samningar við Gerflor. Það fyrirtæki framleiðir m.a. keppnisgólfduk fyrir blakkeppni. Gerflor hefur nú afhent BLÍ annað keppnisgólf sem gerir það að verkum að hægt er að halda alþjóðlega keppni í tveimur húsum samtímis hér á landi. Sú staða kemur í síðasta

lagi upp árið 2015 þegar Íslendingar halda Smáþjóðaleikana. Framkvæmdastjóra Gerflor og Guðmundi Helga eru hér með færðar bestu þakkir fyrir þennan samning.

Umfjöllun um blakið hefur ekki verið fyrirferðamikil í fjölmiðlum að undanfögnu. Morgunblaðið hefur staðið sig einna best fréttamiðla í umfjöllun um íþróttina. Heimasíða sambandsins er fréttaveita fyrir fjölmiðla sem t.d. mbl.is hefur nýtt sér vel. Volleyball.is hefur einnig verið virkur miðill. Heimasíður félaganna sem eru mjög mikilvægar í fréttamiðlun en þær eru því mjög misvirkar.

Sjónvarpið sýndi bikarúrslitaleikina í beinni útsendingu. Það er hinsvegar umhugsunarefni að Blaksambandið, líkt og önnur sérsambönd, þarf að greiða í það minnsta helming af útsendingarkostnaðinum til þess að fá leikina sýnda. Það á að vera lágmarkskrafa að Sjónvarp allra landsmanna sýni a.m.k. einn viðburð á ári í hverri grein án þess að viðkomandi sérsamband þurfi að greiða fyrir útsendinguna.

Þrátt fyrir erfitt rekstrarumhverfi hefur tekist að grynka á skuldum sambandsins. Enda er aðhalds gætt í öllum þáttum rekstursins. Landsliðsverkefni eru dýr og þó leikmenn greiði bróðurpartinn af ferðunum þá er kostnaður sambandsins við hvert verkefni mikill. Þrátt fyrir þennan kostnað og freistingu að draga úr honum hefur stjórn BLÍ talið þessi verkefni svo mikilvæg að halda beri þeim áfram ólíkt sumum öðrum sérsamböndum sem hafa dregið úr eða lagt landsliðsverkefni niður um tíma a.m.k.

Á meðan verið er að greiða skuldir jafnhrott niður og raun ber vitni þá gefur það auga leið að þá hefur sambandið úr minni fjármunum að spila sem annars færu í að styðja við ýmis verkefni sem hreyfingin kallar eftir. Þess er að vænta að eftir ár verði skuldir sambandsins mun viðráðanlegri ef ekkert óvænt kemur uppá.

Blaksambandið og umboðsaðili Asics, Sportís ehf. hafa gert með sér styrktarsamning sem er blakhreyfingunni afar mikilvægur. Sportís er aðalstyrktaraðili bikarkeppninnar sem nú heitir Asics bikarinn. Að auki felur samningurinn í sér ýmis atriði sem m.a. munu auðvelda rekstur landsliðanna í framtíðinni auk hagsmuna fyrir hreyfinguna alla. Varaformaður BLÍ hafði veg og vanda að því að koma þessum samningi á. Honum og forstjóra Sportís eru færðar bestu þakkir fyrir þennan samning.

Sú stjórn sem nú er að ljúka starfsári sínu hefur komið töluverðu í verk enda er hún skipuð samheldnu fólki. Umsvif sambandsins halda áfram að aukast eins og glöggst sést á innihaldi ársskýrslunnar sem þið hafið fyrir framan ykkur. Það verður verkefni næstu stjórnar að halda áfram á þeirri braut að byggja íþróttina upp, breiða hana út og skapa keppnisfólki okkar sem flest verkefni innan lands sem utan.

Að lokum þakkaði formaður öllum þeim sem störfuðu að blakmálum á landinu á síðasta starfsári. Þar má nefna, mótahaldara, dómara, nefndarmenn (sérstaklega formenn þeirra), stjórnarmenn blakdeilda, forystu KSÍ fyrir aðstoð við umgjörð bikarkeppninnar og aðra stuðnings- og styrktaraðila.

Einnig þakkaði hann gott samstarf við íþróttahreyfinguna í landinu, sérstaklega ÍSÍ.

Framkvæmdastjóri BLÍ fékk einnig bestu þakkir fyrir samstarfið og góða vinnu m.a. við gerð ársskýrslunnar. Að lokum þakkaði hann stjórnarmönnum BLÍ svo og öllum þeim sem aðstoðu stjórn BLÍ á árinu.

Þingforseti óskar eftir að breyta dagskránni og færa ávarp gesta frammar. Samþykkt.

Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ tekur til máls

Hann flytur kveðjur frá framkvæmdastjórn ÍSÍ og þakkar fyrir hlýjar afmælikveðjur vegna 100 ára afmælis ÍSÍ. Honum finnst ársskýrslan góð og það sé ánægjulegt að sjá að það er gott jafnvægi í starfi sambandsins og rekstur þess góður. Hann þakkar gott samstarf við formann og framkvæmdastjóra sambandsins.

Markmið og tilgangur íþróttahreyfingarinnar er ekki peningalegur hagnaður heldur íþróttaleg markmið. Þessu tvennu er mikilvægt að gera greinarmun á. Þessi vinna og orka sem fer í fjáraflanir tekur tíma af grasrótastarfinu.

Hann segir frá byltingu og sköpun við uppbyggingarstarfið með tilkomu samnings við ríkisvaldið 2006. Á þeim tíma er jafnframt gerður ferðasamningur. Þegar staða í dag er borin saman við stöðuna fyrir 10 árum sést að nú eruð þið að fá miklu meira frá ríkinu en áður.

ÍSÍ er að loka gati fyrir London 2012. Rammasamningur við ríkisvaldið er í vinnslu. Það er ekki búið að efna að fullu samninga frá 2006 við ríkið og íþróttastarf skorið niður á ríkisfjárlögum.

Afreksfólkið er ekki það eina sem við höfum í hreyfingunni heldur höfum við grasrótina, og við verðum að vinna saman.

Öldungamót BLÍ er stórt og vekur athygli en unglिंगastarfið er líka mjög mikilvægt og þarf að hlúa að því.

ÍSÍ er að búa til samræmt viðburðadagatal. Umgjörðin og ásýndin er hluti af því sem fjölmiðlar vilja sjá. BLÍ þarf að sjá til þess og félögin að koma upplýsingum á sínar heimasíður og til fjölmiðla.

Að lokum vísaði hann í orð formanns BLÍ í setningarræðu hans að hér á þinginu eigi fulltrúar að taka til máls og koma málefnalegum skoðunum sínum á framfæri. Blaksambandið verður ekki sterkara en þau félög sem að því standa.

Næst gerði Svala Vignisdóttir grein fyrir starfi kjörbréfanefndar. Kjörbréf fyrir 6 aðildarfélög ÍBA eru þrír, Gunnar Þ. Garðarsson, Stefán Jóhannesson og Friðrika Marteinsdóttir.

ÍBR eru sjö, Hildur Mósesdóttir, Lilja Margrét Hreiðarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Ástríður Valbjörnsdóttir, Halldór Ingi Kárason (ekki mættur), Agla Björnsdóttir, Sævar Már Guðmundsson.

HSK eru fimm; Guðmundur Jónasson, Kristján Geir Guðmundsson (ekki mættur), Guðrún V. Ásgeirsdóttir, Jón Ólafur Valdimarsson, Jason Ívarsson.

UMSK eru 17: Þorgerður Kristinsdóttir, Guðrún Kristín Einarsdóttir, Mundína Kristinsdóttir, Sigurbjörn Grétar Eggertsson, Ásta Sigrún Gylfadóttir, Kolbrún J. Erlendsdóttir, Zdravko Demirev (ekki mættur), Arnar Smári Þorvarðarson, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Vilborg Guðmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Aðalheiður Sigursveinsdóttir. Steinn Einarsson. Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Brynjar Júlíus Pétursson (ekki mættur), Karl Sigurðsson (ekki mættur), Aðalsteinn Eymundsson.

ÚÍA eru tveir Sigurveig Róbertsdóttir, Guðrún Brynjarsdóttir

HSV er einn: Þorgerður Karlsdóttir,

Alls eru 29 þingfulltrúar mættir af 77 sem eiga rétt á að sitja þingið. Enginn fer með 3 atkvæði. Ef þingfulltrúar mæta seint skulu þeir tilkynna sig til kjörbréfanefndar.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréfin verði samþykkt. Samþykkt einróma

4. Reikningar síðasta starfsárs

Aðalsteinn Einar Eymundsson, gjaldkeri BLÍ les upp ársreikninga og skýrir þá.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Lilja Margrét Hreiðarsdóttir spyr úr sæti um hækkun á kostnaði vegna yfirstjórnar.

Vilborg Guðmundsdóttir spyr úr sæti um önnur gjöld og um alþjóðlegan dómara, hvort BLÍ sjái um greiðslu vegna námskeiðisins.

Hulda Ólafsdóttir spyr um kröfur sölukerfi.

Hildur Mósesdóttir spyr um hvað hafi orðið um hagnaðinn.

Hulda Ólafsdóttir spyr hvað sé ferðagjald í ársreikningnum.

Jason tekur til máls og útskýrir með alþjóðadómarann þannig að BLÍ greiðir allt tengt þessum námskeiðum og að Ísland sé skylt að eiga alþjóðadómara í blaki.

Guðrún Kristín Einarsdóttir tekur til máls. Hún hefði frekr viljað sjá peninga í staðinn fyrir gólfíð frá FIVB. Af hverju er BLÍ ekki að fá styrki frá FIVB? Það á að vera þannig að framkvæmdastjórinn á að vera að safna styrkjum í stað þess að raða mótum allan daginn. Mótanefnd á að vera sér og raða mótum eins og yngriflokkaneftnd. Hvar er starfslýsing framkvæmdastjóra?

Getur Mikasa umboðið ekki gefið félögum bolta? Þar sem deildin heitir MIKASA deildin.

Hennar skoðun er sú að það félag sem heldur Öldungamótið hverju sinni eigi að nota hagnaðinn í uppbyggingu yngri flokka hjá félaginu.

Hún vill stytta fríð í deildakeppninni þar sem jólaleyfið er of langt.

Kynning og fræðsla skammarlega lág tala í ársreikningum.

Sendum þjálfara á námskeið

Aðalsteinn svarar fyrirspurnum. Tekur undir með GKE um kynningu og fræðslu. Starfshlutfall framkvæmdastjóra jókst og það skýrir bæði fyrirspurn LMH og Hildi Móses. Kröfurnar sölukerfi eru útgefnir reikningar sem hafa ekki verið greiddir – til félaga og fyrirtækja. Ferðagjald er gjald sem leikmaður landsliðsins greiðir í landsliðsferð.

Stefán Jóhannesson, svarar Gunnu Stínu um að FIVB sé ekki að gefa gólfíð heldur var gerður samstarfssamningur við Gerflor. Félögin geta nýtt sér þessi gólf.

Jason Ívarsson tekur til máls og segir að peningar séu ekki á lausu, hvorki hjá BLÍ né í fyrirtækjum, auðveldara sé að fá vörur. Samanburður við önnur sérsambönd er oftast en ekki óraunhæfur slíkur er aðstöðumunurinn.

Varðandi hléið á Íslandsmótinu þá er það frá gamalli tíð og ekkert því til fyrirstöðu að breyta því.

Ferðastyrkur frá NEVZA er lítil upphæð til BLÍ vegna þátttöku unglingsliða í NEVZA mótum.

Grétar spyr um Mikasaumboðið og hvað BLÍ sé að fá út úr því samstarfi.

Stefán svarar því til að BLÍ fái hlutfall af hverjum seldum bolta.

Reikningar bornir upp og samþykkt samhljóða.

5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ

Ólafur Rafnsson flutti ávarp fyrr (sjá ofar).

6. Ávarp annarra boðsgesta

Enginn talaði undir þessum lið.

7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Aðalsteinn Einar Eymundsson leggur fram rekstraráætlun 2012. Leggur til að henni verði vísað til fjárhagsnefndar.

8. Laga- og leikreglnabreytingar

Jason Ívarsson leggur fram lagabreytingar

9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið

Tillögur 1-7 frá UMFL lagðar fram fyrir þingið.

Tillaga um breytingu á félagaskiptagjaldinu frá stjórn BLÍ lögð fyrir þingið

Tillaga um breytingu á reglugerð um deildakeppninni lögð fram um að fjölga leikjum í úrslitum Íslandsmótsins. Leita þurfti afbrigða til að taka tillöguna fyrir og var það samþykkt með meiri hluta atkvæða gegn einu.

10. Umræður um framkomin mál og tillögur

Gunnar Garðarsson leggur það til að stytta þá líka tilkynningar tíma fyrir tillögur fyrir ársþingið um leið og stytta boðunartímann.

Þarf að koma inn líka að félögum sé sent tilkynning um þetta.

Aðeins um það að liðin í 3. deildinni eru ekki öll á því að spila heima og heiman.

Lilja Margrét bendir á að hafa úrslitakeppnina þannig að leikir séu ekki á sama tíma í keppninni.

Jón Ólafur bendir á að í 2. grein í deildarkeppni sé talað um sjö lið í deild en það gangi ekki upp í efstu deild karla.

Friðrika Marteinsdóttir er með fyrirspurn um fyrirkomulag líkt og er í tillögu 7 frá UMFL. Mikilvægt að allar reglur séu á hreinu fyrir keppnistímabil.

Þingforseti merkir þá tillögur þannig:

Rekstraráætlun þingskjal #1 vísað til fjárhagsnefndar

Lagatillögur og bálkurinn sem slíkur, þingskjal #2, vísað til laganefndar

Tillaga um félagaskipti, þingskjal #3, vísað til allsherjar- og leikreglnanefndar

Tillögur frá UMFL, þingskjal #4, vísað til allsherjar- og leikreglnanefndar

Tillaga frá stjórn vegna 3ja uninna leikja í úrslitum Íslandsmótsins, þingskjal #5, vísað til allsherjar- og leikreglnanefndar.

Þinghlé – Hádegisverður kl.11.15

11. Nefndarstörf – hefjast kl. 12.00

12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur

Þingforseti kallar eftir álitum nefnda klukkan 12.25.

Formaður Fjárhagsnefndarinnar, Aðalsteinn Einar Eymundsson
Í nefndinni var rætt um að hafa reikningana skýrari. Ósk um að sett verði upp nefnd sem skilar betri og nákvæmari ársreikningum og því er vísað til stjórnar að skipa nefndina. Það er óljóst hvernig tekjur og gjöld eru bókuð og sérstaklega á þetta við um yngriflokka.

Nefndin leggur til að breyta liðnum aðrar tekjur úr 16 milljónum niður í 13 milljónir og þá breytist hagnaðartalan niður í 1 milljón í Rekstraráætlun fyrir árið 2012.

Jason Ívarsson, formaður Laganefndar tekur til máls.

Nefndin fór yfir þær breytingar á lögum BLÍ í samræmi við lög og reglur ÍSÍ.

Í 5. grein þar sem fjallað er um fjölda þingfulltrúa er lagt til að breytingin verð samþykkt óbreytt.

Þingboðunin – tveggja mána frestur breytist í einn mánuð. Bréflega breytist í „með sannanlegum hætti“. Nefndin lagði til að borin yrði upp ályktun um að stjórn BLÍ setji sér starfsreglur um boðun ársþings. Aðildarfélögin fái boðunin um leið og ípróttabandalög og héraðssambönd.

Varðandi frestina, við erum bundin af 14 daga fresti varðandi seinna fundarboð.

Hrafnhildur Theódórsdóttir spyr úr sæti varðandi heiðursformann, hver getur orðið það – vantar skilgreiningu. Hún segið það mjög áriðandi að þingið sé auglýst á sem bestan hátt.

Þingforseti: Talar um að settar verði starfsreglur um hvernig skuli standa að boðuninni.

Jason svarar fyrirspurn Hrafnhildar. Fyrirverandi formenn BLÍ geta orðið heiðursformenn.

Breytingartillaga um 5. grein. Samþykkt.

Breytingartillaga um boðun þings. Samþykkt.

Breytingartillaga um 6. greininni. Samþykkt.

Breytingartillaga að 8. greininni. Samþykkt

Tillaga um 14. grein um heiðursformenn BLÍ: Samþykkt samhljóða.

Lög Blaksambandsins með áorðnum breytingum. Samþykkt samhljóða.

Skorað á starfsmann sambandsins að koma breyttum lögum á heimasíðu BLÍ eins fljótt og unnt er.

Ályktun um boðun ársþings. Samþykkt – starfseglur um boðun ársþings.

Formaður Allsherjar- og leikreglnanefndar tekur til máls: Stefán Jóhannesson

Þakkar fyrir líflega og góða þátttöku í nefndarstörfum. Alls voru 14 einstaklingar sem tóku þátt. Sjá blað.

Því verður beint til stjórnar BLÍ að skipa vinnuhóp til að endurskoða í heild sinni reglugerð um deildakeppni og úrslitakeppni. Það er margt sem þarf að laga í reglugerðinni að það var okkur ómögulegt að komast yfir það á svo stuttum tíma.

Þingskjal 3. Reglugerð um félagaskipti: Tillagan er að hækka félagaskiptagjaldið í 5000 kr. Tillaga nefndarinnar er að samþykkja þessa tillögu.

Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp og samþykkt með meiri hluta og tveir á móti.

Þingskjal nr. 4. Tillögur frá Sigurbirni Árna. Sjö tillögur – ekki náðist samstaða um allar en samt flestar.

Tillaga 1: Að leika 3. deild kvenna heima og heiman. Nefndin leggur til að þessi tillaga verður lögð fyrir þingið.

Tillaga 2: Leggja til að þetta ætti við um leikmenn sem eru gjaldgengir í 3.flokk – þ.e. að þeir heyri ekki undir regluna um 7 leikjahæstu.

Tillaga 3: Að leikmenn mega bara leika með einu undirliði innan sama félags. Mælum með að þetta verði samþykkt svona.

Tillaga 4: Leikmenn geti bara spilað með einu undirliði í hverri deild. Mælum með að þetta verði samþykkt svona óbreytt.

Tillaga 5: Leikir telji í deildarkeppni 3. deild og neðar – þ.e. að allar túrneringar gildi og stigin gildi milli túrneringa. Leggjum til að þetta verði óbreytt.

Tillaga 6: 8 liða deildir og einungis leikið í deild – engin úrslitakeppni. Hlaut líka hljómgrunn í nefndinni. Leggjum til að þetta verði óbreytt.

Tillaga 7: Augljóst að skýrar reglur þurfa að vera tilbúnar fyrir næsta keppnistímabil.

Gunna Stína segir það geta verið vandamál fyrir félög sem eru með mörg lið í keppni að finna tíma í íþróttahúsum fyrir leiki.

Friðrika Marteinsdóttir – spyr um tilganginn með því að leyfa leikmönnum að leika með mörgum liðum

Gunnar Garðarsson – Ræðir um fyrsta liðinn – Hann segir þessa deild ekki vera fyrir norðan. Honum finnst að þingheimur ætti að samþykkja það um að vísa þessu til stjórnar og fá þeirra sjónarmið fram. Við erum alltaf að reyna að prófa eitthvað nýtt – Skellur sér ekki fullorðið fólk úr öðrum félögum spila blak. Það var gerð tilraun til þess fyrir norðan að karlahóparnir þar tóku sig saman og ákváðu að spila vítt um héraðið. Allir sem skráðu sig í það mót áttu að halda eina túrneringu – svo var haldið lokaslútt. Þetta hét Fjallalambseildin og tókst mjög vel.

Tillaga 2: Breytingartillaga 3. flokkur og yngri. Samþykkt.

Tillaga 3: Samþykkt óbreytt

Tillaga 4: Samþykkt óbreytt

Tillaga 5: Samþykkt óbreytt

Tillaga 6: Samþykkt óbreytt

Tillaga 7: Samþykkt óbreytt

Tillaga um að tillögu 1 á þingskjali 4 verði vísað til stjórnar. Samþykkt.

Tillaga 2: Breyting 3. flokkur og yngri í grein 6. í reglugerð í stað yngriflokka.

Þingskjal nr. 5: Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 6: Þinggerð öldungaðingsins. Reglur kveða á um það að reglugerðin verði borin upp til samþykktar. Ekki komu fram neinar athugasemdir.

Þinggerðin borin upp og samþykkt samhljóða.

Það kemur fram í þinggerðinni að skipa nefnd til að vinna í máli er kemur fram í þinggerðinni. Samþykkt að stjórn BLÍ skipi nefndina.

13. Ákveðið gjald ævifélaga

Jason tekur til máls – það er lagt til að gjald ævifélaga verði óbreytt eða krónur 100.000.

Samþykkt einróma

14. Önnur mál

Mælendaskrá opnuð –

LMH: Vill benda stjórn á það að biðja félögin um að tilnefna menn í nefndir á vegum sambandsins.

Hrafnhildur Theódórsdóttir:

Hún ræðir starfsreglur fyrir ársþingið, hún vill ekki setja ársþingið á þegar landsliðið er í æfingalotu.

HK hefur átt í bréfasamskiptum við BLÍ. Það var m.a. rætt um úrslitakeppni kvenna. HK konur urðu deildarmeistarar og áttu því rétt á 1. heimaleik og 3. heimaleik. BLÍ breytti röðuninni og þau svör bárust að mótanefnd hefði heimild til að gera þetta. Engin mótanefnd á að hafa svona heimild að hennar mati.– HK er mjög ósátt við þetta ráðslag.

Annað bréf sendi HK þar var farið yfir ýmis mál vetrarins sem hún vill að BLÍ skoði alvarlega. Henni fannst ójöfn skiptin kynja í stjórn og nefndum BLÍ. Hún

beindi þeim tilmælum til stjórnar BLÍ um fjölga konum í nefndunum. Hún bauð sig fram til setu í mótanefnd.

Tilmæli frá HK um að það verði skipuð starfsnefnd sem er tilbúin til þess að fara í vinnu til að búa til reglugerð sem er í takt við blakheim dagsins í dag.

Jason Ívarsson tekur til máls. Hann fagnaði því að fólk bjóði sig fram til starfa fyrir hreyfinguna. Okkur vantar fleiri konur til starfa. Það var bundið í lög hvenær ætti að halda ársþingið og þeirri tímasetningu hefur yfirleitt verið fylgt þó það sé ekki skylt. Það er teygjanlegt hvaða tími árs hentar best fyrir ársþing. Þegar komið er fram í júní er fólk farið í sumarfrí. Hægt að endurskoða það og annað. Varðandi heimaleikjaréttinn þá kom upp sérstakar aðstæður í vetur. Þær aðstæður voru fyrirsjáanlegar í desember og þær voru kynntar þá. Það er óumdeilt að oddaleikur fer fram á heimavelli þess liðs sem er með heimaleikjarétt.

Jason benti á þá staðreynd að hreyfingin hefur engan þjóðarleikvang til að nota fyrir landsleiki eða aðra mikilvæga leiki í blaki. Við þurfum að greiða töluvert í húsaleigu fyrir Höllina. Það eru líkur á því að á næsta ári hækki leigan verulega mikið.

Eitt af því sem er bundið í reglum er endurskoðun á gjaldi öldungliða til BLÍ. Formaður bar upp tillögu um að gjaldið hækki í 8500 kr.

Kristján Geir Guðmundsson hefur tekið sæti á þinginu og formaður sæmir hann silfurmerki BLÍ.þ

Guðrún Kristín Einarsdóttir:

Sagði frá afreksbúðum Yngriflokka um næstu helgi og auglýsti um leið eftir fólki í Yngriflokkaneftina. Það vantar fulltrúa að austan og vestan. Á þessum þingum ætti að vera tilnefningar í nefndarstörfin. Virkja þarf landsliðsnefndir í fjáröflunum. Samhliða afreksbúðum er þjálfaranámskeið. Mats Björkman er landsliðsþjálfari U19 í Danmörku. Hún hvetur stjórn til að senda landsliðsþjálfarana á þetta námskeið.

Hún telur yngriflokkamótin orðin of stór svo að það þurfi að skipta þeim upp í krakkamót og unglíngamót. YFN sem þarf að taka ákvörðun um þetta.

Annað mál: Í næstu viku er hann Adri Noj að koma, sem er upphafsmaður krakkablaksins, til Húsavík eða Neskaupstaðar.

Hún minntist á landsmót UMFÍ 50 + mót í Mosó. Það verður m.a. keppt í blaki og strandblaki. Að lokum þakkaði hún fyrir góða skýrslu og gott þing .

Sigurveig Róbertsdóttir

Tók undir með GKE með að skipta upp yngriflokkamótinu. Hún lagði til að stofnaður yrði ferðajöfnunarsjóður vegna bikarkeppninnar.

Steinn Einarsson: Tók undir með HK og sérstaklega varðandi heimaleikjaréttinn. Hann minntist á tímamót fyrir ársþingið og taldi að því ætti að vera lokið fyrir ákveðna dagsetningu.

Gunnar Garðarsson: Tók undir með því sem hefur verið sagt í önnur mál. Hann les upp bréf frá formanni yngriflokkamála hjá KA þar sem farið er fram á að að fyrir liggi skýrar reglur fyrir yngriflokkamótin.

Ásta Sigrún Gylfadóttir þakkaði mótshöldurum yngriflokkamóta fyrir þeirra starf og stjórn BLÍ fyrir að hafa sett leik í úrslitakeppni kvenna á sama tíma og yngriflokkamót var haldið. Þetta skapaði að vísu nokkurn vanda. Hún er sammála því að skipta yngriflokkamótunum.

Vilborg Guðmundsdóttir: Yngriflokkamótin eru að hennar mati komin úr böndunum vegna fjölda þátttökuliða. Öldungapeningar eiga að fara í útbreiðslu og uppbyggingarstarf. Þetta verður að vera meira gegnsæi. Hún mótmæli harðlega að öldungagjaldið sé hækkað og mælti með því að gjaldið verði óbreytt og tillögu stjórnar um hækkun gjaldsins verði vísað frá.

Tillaga um gjald öldungaliða til BLÍ hækki í kr. 8.500 var felld með þorra atkvæða.

15. Kosningar;

Jón Ólafur Valdimarsson tekur til máls sem formaður uppstillingarnefndar:

Stefán Jóhannesson og Kristján Geir Guðmundsson voru réttkjörnir í stjórn til tveggja ára.

Óskar Hauksson, Hreggviður Norðdahl, Valdimar Hafsteinsson voru kjörnir í varastjórn til eins árs.

Tveir skoðunarmenn reikninga: Davíð Búi Halldórsson og Hjörtur Bjarki Halldórsson. Réttkjörnir.

Þingforseti þakkar þingritara vel unnin störf og þingheimi fyrir gott þing og gaf svo Jasoni Ívarssyni formanni BLÍ orðið.

16. Þingslit

formaður þakkar þingfulltrúum fyrir vel unnin störf og málefnalega umræðu. Hann þakkaði einnig fráfarandi stjórnarmönnum fyrir þeirra störf um leið og hann bauð

nýja velkomna til starfa. Hann þakkaði einnig framkvæmdastjóra fyrir góða vinnu við ársskýrslu sambandsins og við undirbúning þingsins. Að lokum þakkaði hann þingforseta fyrir röggsama stjórn á þingheimi og óskaði öllum góðrar heimkomu. Svo sagði hann 40. ársþingi BLÍ slitið.

Þingi slitið klukkan 15.15.

Sævar Már Guðmundsson, þingritari.

Björn Guðbjörnsson þingforseti.

Rekstraráætlun fyrir 2012

		Áætlun	Rauntölu
	skýr	2012	2011
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir.....	1	11.500.00 0	11.248.504
Mótatekjur.....	2	6.500.000	6.371.852
Aðrar tekjur.....	3	13.000.00 0	10.907.969
		31.000.00 0	28.528.325
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn.....	4	7.500.000	7.242.910
Íþróttaleg viðskipti.....	5	20.000.00 0	18.963.362
Kynning og fræðsla.....	6	1.000.000	348.647
Önnur gjöld.....	7	1.000.000	1.501.277
Afskriftir.....	8	500.000	250.000
		30.000.00 0	28.306.196
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		1.000.000	222.129

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur.....	9	1.000	(15)
Vaxtagjöld.....	10	-350.000	(395.994)
		<hr/>	<hr/>
		(349.000)	(396.009)

Hagnaður (tap) ársins

651.000	(173.880)
<hr/> <hr/>	

Lög Blaksambands Íslands

Breytt á 40. ársþingi BLÍ þann 12. maí 2012 (breytingar feitletraðar)

1. gr.

Blaksamband Íslands (BLÍ) er æðsti aðili um öll blakmál innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).

2. gr.

Blaksamband Íslands (BLÍ) er samband héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérráða þeirra, og eru þau öll félög innan ÍSÍ, er iðka, æfa eða keppa í blaki, aðilar að BLÍ.

2.1 gr.

Hafi aðeins eitt félag innan héraðs eða íþróttabandalagsins iðkun blaks á stefnuskrá sinni, getur það félag verið aðili að sérsambandinu, ef héraðs- eða íþróttabandalagið samþykkir. Ef fleiri en eitt félag innan héraðs- eða íþróttabandalagsins hafa iðkun blaks á stefnuskrá sinni hefur Blaksamband Íslands heimild til að hafa bein boðskipti við þau ef hlutaðeigandi héraðs- eða íþróttabandalag samþykkir.

2.2 gr.

Blaksamband Íslands er æðsti aðili innan ÍSÍ um sérfræðileg málefni íþróttagreinar sinnar.

3. gr.

Starf BLÍ er í meginatriðum:

a) Að hafa yfirumsjón allra íslenskra blakmála.

b) Að vinna að eflingu blaks í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd blaksins. Með hæfilegum fyrirvara skal tilkynna framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

4. gr.

Málefnum BLÍ stjórna:

a) Blakþingið.

b) Stjórn BLÍ.

5. gr.

Blakþingið fer með æðsta vald í málefnum BLÍ. Þingið sitja fulltrúar frá aðilum BLÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra blakiðkenda og fjölda liða sem spila í deildarkeppnum BLÍ, þannig að fyrir allt að 25 iðkendur kemur 1 fulltrúi og síðan 1 fulltrúi fyrir hverja 25 eða brot úr 25 upp í allt að 100 iðkendur, og þá 1 fulltrúi að auki fyrir hverja 50 iðkendur þar fram yfir. Fyrir hvert lið í 1. deild bætist síðan við 1 fulltrúi. **Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags sem hefur blak innan sinna vébanda á rétt á 1 fulltrúa óháð iðkendafjölda.**

Val fulltrúa á blakþing skal miðast við fjölda iðkenda, félaga eða keppenda innan hvers héraðssamband/íþróttabandalags um síðastliðin áramót og skal þá tilgreina hver þessara kosti skuli gilda.

Þingið skal haldið árlega. Stjórn BLÍ skal boða það **með sannanlegum hætti** með minnst **eins mánaðar** fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn BLÍ minnst 21 degi fyrir þingið. Þá skal stjórn BLÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borist hafa, í síðasta lagi 14 dögum fyrir þing. Blakþingið er lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

5.1. gr.

Öll mál er lúta að kærnum og dómsmálum innan íþróttarinnar heyra undir Dómsstóla ÍSÍ og lög þar af lútandi.

6.gr.

Á blakþinginu hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn BLÍ, varastjórn og **skoðunarmenn reikninga**
- b) Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- c) Fastráðnir starfsmenn BLÍ og ÍSÍ.
- d) Fulltrúar blakdómarafélaga.
- e) Allir nefndarmenn BLÍ.
- f) Ævifélagar BLÍ.

Auk þess getur BLÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er í félagi sem iðkar blak innan sérráða eða héraðssambands, er kjörgengur fulltrúi þess á blakþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði. Þegar langt er og dýrt að sækja þingið eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu, þá má að fulltrúi fari með fleiri en 1 atkvæði, þó að hámarki 3, en aðeins með atkvæði þess aðila, sérráðs eða héraðssambands (félags) sem hann er fulltrúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila, sem heima eiga þar sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en 1 atkvæði, verður að vera skriflegt og að vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

7. gr.

Aukaping má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukapings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- og leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt

störfum að öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda sömu reglur um það og um reglulegt blakþing.

8. gr.

Störf blakþings eru:

1. Þingsetning
2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins
3. Kosnar fastar nefndir:
 - a. Kjörbréfanefnd
 - b. Fjárhagsnefnd
 - c. Laga- og leikreglnanefnd
 - d. Allsherjarnefnd
4. Stjórn gefur skýrslu
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar, þær sem hafa komið.
8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa stjórn.
9. Þinghlé
10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.
11. Ákveðið gjald ævifélaga
12. Önnur mál
13. Kosning stjórnar, varastjórnar, **skoðunarmenn reikninga** og fulltrúa á íþróttþing
14. Þingslit

Fái fleiri en þeir sem kjósa á um jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá að nýju, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. gr.3.málsg.).

Ársskýrslu BLÍ, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdarstjórn ÍSÍ og sambandsaðilum BLÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9.gr.

Stjórn BLÍ skipa 5 menn: Formaður, varaformaður, meðstjórnandi, gjaldkeri og fundaritari. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Formaður er kosinn til tveggja ára í senn, sem og aðrir stjórnarmenn, og ganga tveir menn úr stjórninni á hverju ári. Kjósa skal einnig 3 menn í varastjórn til eins árs og taka þeir sæti ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir. Stjórninni er

heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík. Lok reikningsárs miðast við almanaksár.

10. gr.

Starfssvið stjórnar BLÍ er:

- a) Að framkvæma ályktanir blakþingsins.
- b) Að senda ÍSÍ árlega starfsskýrslu og aðrar lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- c) Að fylgjast með því að lög og leikreglur BLÍ séu haldin.
- d) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
- e) Að ráða niður og ákveða stað og tíma fyrir Íslandsmót í öllum flokkum.
- f) Að úthluta þeim styrkjum til blaks, sem BLÍ fær til umráða.
- g) Að vera fulltrúi blakíþróttarinnar á erlendri grundu og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur.
- h) Að vinna að stofnun nýrra sérráða og efla á annan hátt viðkomandi sérgrein í landinu.

11. gr.

Formaður BLÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

12. gr.

Blakráðin (héraðssamböndin) eru milliliður milli félaga sinna og stjórnar BLÍ. Þau skulu og senda henni allar skýrslur um mót sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánaðar eftir að mótinu lauk. Ársskýrslur sínar um störf sérráðsins (héraðssambandsins) og tölu virkra blakiðkenda í umdæminu, skulu þau senda stjórn BLÍ fyrir 1. ágúst ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á blakþinginu sbr. 5.gr.

13. gr.

Stjórn BLÍ hefur frjálstan aðgang að öllum blakmótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda BLÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

14.

gr.

Ævifélagar BLÍ geta þeir orðið sem stjórn BLÍ samþykkir. Stjórn BLÍ ákveður réttindi ævifélaga hverju sinni. Heiðursfélaga BLÍ má stjórn BLÍ kjósa ef hún er einhuga um það.

Stjórn BLÍ er heimilt að tilnefna heiðursformenn Blaksambands Íslands.

Heiðursformenn BLÍ hafa rétt til setu á fundum stjórnar sambandsins og á blakþingum og hafa þar málfrelsi en ekki atkvæðisrétt. Heiðursformenn BLÍ koma fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

Árlega skal Blakþingi vera tilkynnt um þá einstaklinga er stjórn BLÍ tilnefnir sem Heiðursformenn.

15. gr.

Tillögur um að leggja BLÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu blakþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 2/3 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja BLÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir BLÍ til varðveislu.

Uppfært 12. maí 2012

**Breytingartillaga frá Stjórn BLÍ fyrir 40. ársþing, haldið í Laugardalshöllinni 12. maí.
2012**

Reglugerð um félagaskipti

1. gr.

Leiktíð er frá 15. september til 15. maí

2. gr.

Þegar leikmaður skiptir um félag skal hann leggja fram fullgild félagaskipti, þ.e. ritaða yfirlýsingu um félagaskipti sín, skriflegt samþykki gamla félagsins sem jafnframt vottar að leikmaður sé skuldlaus við það, og staðfestingargjald ~~kr. 3.000~~ **kr. 5.000** sem greiðist til BLÍ.

3. gr.

Fullgild félagaskipti, móttækin á skrifstofu BLÍ, frá 15. maí til 15. október ár hvert eða, taka gildi um leið og stjórn BLÍ eða framkvæmdastjóri hefur samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta.

4. gr.

Hafi leikmaður ekki leikið með félagi sínu í eitt ár, telst hann hlutgengur með nýju félagi um leið og fullgild félagaskipti hafa verið móttækin og samþykkt af stjórn BLÍ eða framkvæmdastjóra

5. gr.

Félagaskipti sem lögð eru fram eftir 15. október ár hvert taka gildi tveimur vikum eftir móttöku þeirra, að því tilskyldu að stjórn BLÍ eða framkvæmdastjóri hafi samþykkt þau. Félagaskipti sem lögð eru fram eftir 15. febrúar ár hvert taka ekki gildi fyrr en 15. maí um leið og stjórn BLÍ eða framkvæmdastjóri hefur samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta.

6. gr.

Leikmanni er aðeins heimilt að skipta um félag tvisvar á hverri leiktíð og jafnframt er leikmaður einungis gjaldgengur með einu liði í Bikarkeppni BLÍ á hverri leiktíð.

Starfsreglur stjórnar vegna félagaskipta

1. gr.

Stjórn BLÍ skal ávallt fjalla um og samþykkja ef unnt er, móttöku yfirlýsingar um félagaskipti á fyrsta fundi eftir að yfirlýsingin er móttækin. Ef líða þarf einn eða tveir mánuðir frá yfirlýsingu um félagaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi, er sá tími talinn frá samþykkttri móttöku yfirlýsingar og staðfestingargjalds.

2. gr.

Móttaka skjala vegna félagaskipta telst gild ef framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður vottar hana skriflega, og lætur tvo aðila, innan stjórnar eða framkvæmdastjóra, vita daginn sem móttækið er.

3. gr.

Félagaskipti taka ekki gildi fyrr en yfirlýsing um skiptin, staðfestingargjald og samþykki gamla félagsins hafa verið móttækin.

4. gr.

Stjórn BLÍ eða framkvæmdastjóra er heimilt að samþykkja félagaskipti ef yfirlýsing leikmanns og staðfestingargjald hafa verið móttækin skv. 2. gr. og móttaka samþykkt, með þeim fyrirvara að samþykki gamla félagsins sé móttækið samkvæmt reglum um móttöku skjala skv. 2. gr. starfsreglnar.

5. gr.

Berist samþykki gamla félagsins ekki fyrr en eftir að tilskilinn tími til félagaskipta er liðinn (1 mánuður eða 2 mánuðir), er leikmaður löglegur daginn eftir að skjalið hefur verið móttækið skv. 2. gr. Sé skeyti sent BLÍ, gilda sömu reglur um móttöku þess og um móttöku annarra skjala.

Rökstuðningu:

Félagaskiptagjald hefur haldist óbreytt í mjög mörg ár og í takt við almenna verðlagsþróun telur stjórn BLÍ rétt sé að hækka þetta gjald.

Flutningsmaður: Stjórn BLÍ

Tillögur frá blakdeild UMFL (innan HSK) fyrir 40. ársþing BLÍ.

Tillaga 1

40. ársþing BLÍ haldið í Laugardalshöllinni þann 12. maí 2012 samþykkir að deildarkeppni í þriðju deild kvenna suður verði leikin í forminu heima og heiman.

Rökstuðningur:

Þetta fyrirkomulag veldur meiri útbreiðslu á blakíþróttinni því heimaleikir verða á fleiri stöðum á landinu.

Tillaga 2

40. ársþing BLÍ haldið í Laugardalshöllinni þann 12. maí 2012 samþykkir að leikmönnum 18 ára (á 18. aldursári) og eldri þegar keppnistímabil á Íslandsmóti hefst og eru meðal sjö (7) leikjahæstu leikmanna liða í fyrstu eða annarri deild sé óheimilt að leika með liðum í þriðju deild og neðar.

Rökstuðningur:

Þessi regla á við um öll lið sem spila með undirlið í mörgum deildum. Ekkert er amast við því þó að þriðju flokkar þessara liða mæti í Íslandsmót fullorðinna í neðri deildum. Hins vegar verður ekki horft fram hjá því að margir leikmenn, sérstaklega stúlkur, eru komnir með verulega getu, sumir með landsliðsgetu, strax við 18-19 ára aldurinn og eru burðarásar í sínum fyrstu og annarrar deildar liðum. Að leyfa þessum einstaklingum þátttöku í þriðju deild og neðar, langt fyrir neðan þeirra getustig, skekkir myndina af styrkleika liðanna í neðri deildunum, ekki síst í ljósi þess að úrslitakeppnin er ævinlega á höfuðborgarsvæðinu og því auðvelt fyrir stór lið þaðan að styrkja neðri deildar liðin sín í úrslitakeppni. Að sjálfsögðu mun öllum 18 ára og eldri sem ekki eru meðal sjö leikjahæstu leikmanna liða í fyrstu og annarri deild vera heimild að keppa með liðum í þriðju deild og neðar

Tillaga 3

40. ársþing BLÍ haldið í Laugardalshöllinni þann 12. maí 2012 samþykkir að hver leikmaður geti einungis spilað með einu öðru undirliði sama liðs.

Rökstuðningur:

Hér er verið að jafna samkeppnisstöðu liða og koma í veg fyrir að sami leikmaður sé að spila í mörgum deildum. Við núverandi fyrirkomulag gæti yngri flokka leikmaður sem spilar í fyrstu deild spilað með undirliðum síns liðs í annarri, þriðju, fjórðu o.s.frv. deild. Að sama skapi gæti sterkur leikmaður sem skiptir um lið seint á tímabilinu verið gjaldgengur í öllum deildum vegna þess að hann er ekki meðal sjö leikjahæstu leikmanna liðs síns í neinni deild. Með þessari reglu væri tryggt að leikmenn væru að spila með A/B liðum B/C liðum o.s.frv. en samt ekki loku fyrir það skotið að leikmaður gæti spilað með A/D liðum en þá spilar hann ekki líka með B og C liðum.

Tillaga 4

40. ársþing BLÍ haldið í Laugardalshöllinni þann 12. maí 2012 samþykkir að leikmenn geti bara spilað með einu undirliði sama liðs í hverri deild á sama keppnistímabili.

Rökstuðningur:

Þessi regla á að hafa verið í gildi en einhver pottur virðist vera brotinn. Auk þess höfum við hvergi séð þessa reglu í regluverki BLÍ og því gott að setja hana inn til að fyrirbyggja misskilning. Reglan á einfaldlega við það að sé lið með fleira en eitt undirlið (til dæmis C og D lið) í sömu deild geti leikmenn ekki flakkað á milli liða heldur séu fastir út keppnistímabilið með því liði sem þeir keppa fyrst með. Þetta er gert til að jafna samkeppnisstöðu stórra og smárra liða. Þannig er tryggt að ekki spili alltaf sömu leikmenn undir merkjum margra undirliða sama liðs (t.d. gæti C liðið spilað sem D liðið líka nema þegar liðin eiga keppa á sama tíma).

Tillaga 5

40. ársþing BLÍ haldið í Laugardalshöllinni þann 12. maí 2012 samþykkir að í deildarkeppni í þriðju deild og neðar telji allir leikir og allir leikir hafi sama vægi eins og er í deildarkeppni í fyrstu og annarri deild.

Rökstuðningur:

Þannig mun liðið með mesta stöðugleikann (væntanlega sterkasta liðið) vinna deildarkeppnina og vægi einstakra leikja (t.d. krosspilsleikja) ekki vera meira en annarra. Þetta jafnar líka samkeppnisstöðu stærri og smærri liða því stóru liðin geta þá ekki styrkt lið sín með efri deildar eða yngri flokka leikmönnum einungis í örfáum leikjum sem skipta máli (yrðu að gera það allt tímabilið).

Tillaga 6

40. ársþing BLÍ haldið í Laugardalshöllinni þann 12. maí 2012 samþykkir að í átta liða deildum þar sem einungis er keppt í suðurriðli og ekki er leikið í forminu heima og heiman, verði ekki eiginleg úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitil heldur verði leiknar tvær umferðir í þremur túrningum og samanlagður árangur úr báðum umferðum gildi. Deildarmeistarar munu þá jafnframt verða Íslandsmeistarar.

Rökstuðningur:

Þetta jafnar samkeppnisstöðu stærri og smærri liða því stóru liðin geta þá ekki styrkt lið sín með efri deildar eða yngri flokka leikmönnum einungis í úrslitakeppninni (yrðu að gera það allt tímabilið). Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess að úrslitakeppnin (þriðja túrning) fer alltaf fram á höfuðborgarsvæðinu.

Tillaga 7

40. ársþing BLÍ haldið í Laugardalshöllinni þann 12. maí 2012 samþykkir að fyrir keppnistímabil í hverri deild liggja fyrir skýrar reglur um hvernig deildarkeppninni er háttað, hvort úrslitakeppni verður og þá hvernig henni er háttað, hvernig lið flytjast á milli deilda að deildarkeppni lokinni og, ef við á, hvernig lið flytjast á milli riðla á milli umferða í deildarkeppni.

Rökstuðningur:

Best er að hafa allar reglur á hreinu fyrirfram. Þannig vita öll lið að hverju þau ganga og þannig er líklegra að minna verði um leiðindi í kjölfar keppni.

f.h. blakdeildar UMFL Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Tillaga frá stjórn BLÍ um að breyta reglugerð um deilda- og úrslitakeppni

Lagt til að þessi tillaga verði tekin fyrir á 40. ársþingi BLÍ haldið í Laugardalshöllinni í Reykjavík 12. maí 2012.

2. gr.

Í efstu deild skal leikin tvöföld umferð til deildarmeistaratitils. Deildin skal að lágmarki hafa 7 lið. Að deildarkeppninni lokinni skal leikin úrslitakeppni fjögurra efstu liða þar sem liðið í efsta sæti mætir liðinu í 4. sæti og liðið í 2. sæti mætir liðinu í 3. sæti. Leikið skal upp á tvo unna leiki **í undanúrslitum og þrjú unna leiki í úrslitum Íslandsmótsins** og gildir heimaleikjaréttur. Þrjú neðstu liðin í deildinni leika tvöfalda umferð heima og heiman, og neðsta liðið fellur niður í 2. deild. Aðeins er heimilt að hafa 1 lið frá hverju félagi í hverri deild.

Rökstuðningur:

Þessi breyting eykur vægi úrslitakeppninnar til muna og getur leitt til lengra tímabils en ella. Úrslitakeppnin er í eðli sínu stutt mót þar sem aðeins er 1 frídagur á milli leikja. Það hefur sannast að mun fleiri áhorfendur eru á leikjum í úrslitakeppninni og félögin geta svo sannarlega nýtt sér það með auglýsingasölu og fleira. Leikið yrði heima og heiman á víxl og það lið sem á heimaleikjarétt er með oddaleikinn á sínum heimavelli.

Stjórn BLÍ